

Formáli ritstjóra

Eftir 26 ár í prentuðu formi kemur *Ritröð Guðfræðistofnunar* nú í fyrsta sinn alfarið út sem vefrit. Helsti munurinn og kosturinn er sá að í stað lokaðs áskrifendahóps er aðgangur að tímaritinu opinn öllum. Að öðru leyti er form tímaritsins í meginatriðum hið sama og verið hefur og lesendur geta að venju valið á milli fjölbreytilegs lesefnis.

Einar Sigurbjörnsson fjallar um þekktasta sálm Marteins Lúthers, „Vor Guð er borg á bjargi traust“ (1528). Gerð er grein fyrir þeirri guðfræði sem birtist í sálminum sem og þýðingarsögu sálmsins á Íslandi. Elsta þýðingin kom út árið 1555, en ný þýðing frá árinu 1589 var notuð allt fram á 19. öld. Sú þýðing sem nú er notuð er þýðing Helga Hálfðánarsonar frá árinu 1871. Á sama tíma gerði Stefán Thorarensen uppkast að þýðingu á sálminum sem birtist hér í fyrsta sinn.

Gunnar J. Gunnarsson skrifar um stöðu trúarbragðafræðslu í íslenskum grunnskólum, einkum í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á Aðalnámskrá grunnskóla árið 2013, en samkvæmt þeim er trúarbragðafræðsla nú hluti af svonefndum samfélagsgreinum. Gerð er grein fyrir þróun námsgreinarinnar kristinfræði/trúarbragðafræði síðastliðin 50 ár og hún borin saman við þær breytingar sem orðið hafa á undanförunum árum. Ennfremur er fjallað um áskoranir, möguleika og hlutverk trúarbragðafræðslunnar, m.a. í ljósi fjölmenningar og margbreytileika. Hlutverk þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga í trúarbragðafræðslunni er einnig rætt.

Í fyrstu grein sinni af þremur um efnið ræðir Hjalti Hugason um kirkjuskipan fyrir íslensku þjóðkirkjuna á 21. öld. Með því er átt við heildstætt regluverk sem kveður á um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, en í þessari grein er fjallað um almennar forsendur slíkrar kirkjuskipanar. Sérstök áhersla er lögð á sjálfstæði kirkjunnar og frelsi hennar til að ráða sjálf til lykta sem flestum málum sínum sem ekki varða réttarstöðu hennar. Færð eru rök fyrir því að slíkt sjálfstæði sé mikilvægur þáttur í trúfrelsi sem nauðsynlegt sé að tryggja kirkjum og trúfélögum í lýðræðissamfélögum nútímans.

Mary Hunt kynnir þann hluta rómversk-kaþólsku kirkjunnar sem kennir sig við eftirlendukirkju (e. *postcolonial church*). Gerð er grein fyrir umdeildum málefnum innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar eins og jafnræði hjónabanda, vígslu kvenpresta og frjósemisréttlæti, en þessi málefni sýna að enn er langt í land þar til hægt er að tala um kirkjuna sem eftirlendukirkju.

Pétur Pétursson fjallar um Tólfpostularitið (*Didache*), einkum í ljósi tilvísana þess til kvöldmáltíðarsakramentisins. Færð eru rök fyrir því að bænirnar yfir brauði og bikar sem finna má í ritinu séu eiginlegar sakramentisbænir (*Eucharist*) en ekki aðeins kærleiksmáltíð (*Agape*). Ennfremur eru færð rök fyrir því að Tólfpostularitið geymi eina elstu heimild sem til er um iðkun heilagrar kvöldmáltíðar og að hana megi að líkindum rekja til frumsafnaðarins í Jerúsalem.

Rúnar M. Þorsteinsson skrifar um Jústínus píslarvott og tengsl hans við heimspekiskóla fornaldar, einkum platónisma og stóuspeki, en Jústínus var platónisti áður en hann snerist til kristinnar trúar. Fram kemur að Jústínus hafi verið afar gagnrýninn á nokkrar af meginkenningum stóumanna hvað guðfræði og heimsfræði varðar. Að því leyti hefur

Jústínus að líkindum verið undir áhrifum frá platónismanum. Auk þess að gera grein fyrir sambandi Jústínusar og platónismans er leitað svara við þeirra áleitnu spurningu hvers vegna hann sagði skilið við þá tegund heimspeki og snerist á sveif með kristinni trú.

Sólveig Anna Bóasdóttir ræðir um samband guðfræði, predikunar, guðsmyndar og sjálfsmýndar kristinna kvenna sem orðið hafa fyrir ofbeldi. Umfjöllunin byggir á guðfræðilegri og siðfræðilegri túlkun Marie M. Fortune og Wendy Farley og heldur því fram að mikilvægt sé annars vegar að staðsetja ábyrgðina á ofbeldinu hjá gerundunum og hins vegar að leitast við að skilja þá ábyrgð sem kristin hefð og túlkun ber á sjálfsskilningi kvennanna. Þá er nauðsynlegt að endurbæta guðfræði og boðun kirkjunnar sem og framkomu hennar við konur sem beittar hafa verið ofbeldi.

Steinunn Kristjánsdóttir fjallar um kristnivæðingu Íslendinga á landnáms- og söguöld, einkum í ljósi niðurstaðna frá fornleifauppgrefti á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði. Rýnt er í merkingu hugtaksins „kristnivæðing“ sem vísar til þeirrar togstreitu sem myndast á milli gamalla og nýrra siða. Ferli kristnivæðingarinnar á Íslandi er greint á grundvelli ritaðra heimilda sem og á grunni fornleifauppgraftarins á Þórarinsstöðum þar sem grafin var upp kirkja og kirkjugarður frá upphafi kristni á Íslandi. Niðurstöðurnar frá fornleifauppgreftinum virðast styðja þá kenningu að þekking á grunnhugmyndafræði kristinnar trúar hafi verið útbreidd meðal fólks.

Rúnar M. Þorsteinsson